

8. Fundur í framkvæmdanefnd Þjóðkirkjunnar 17. apríl 2023

Fundarmenn: Axel Árnason Njarðvík, Árni Helgason, Birgir Gunnarsson, Einar Már Sigurðarson, Agnes M. Sigurðardóttir og Drífa Hjartardóttir

Fundur hófst kl. 9:00.

Dagskrá:

1. Vinnureglur og verkferlar

- a. AMS lagði fram drög að uppfærðum vinnureglum. Ákveðið að framkvæmdanefnd skyldi yfirfara drögin.
- b. AÁN lagði fram skjalið: „Vinnureglur og ferlar þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar 1.0.“ og fóru fram umræður um það.

2. Víglubiskupskjör

- a. Umræður fóru fram um fyrri bókun framkvæmdanefndar um frestun víglubiskupskjörs. Framkvæmdanefnd ítrekar bókunina og fóru fram umræður um málið.

3. Starfsmannamál

- a. AMS gerði grein fyrir lausum störfum og fyrirhuguðum ráðningum.

4. Dómkirkjan

- a. AMS gerði grein fyrir fjárhagsstöðu Dómkirkjunnar. Ákveðið að Rekstrarstofa skyldi skoða málið nánar.

5. Kirkjuþing

- a. Umræður fóru fram um þinglotu Kirkjuþings þann 5. maí nk.

Að dagskrárlíðnum loknum véku AMS og DH af fundinum.

6. Samningur um skógrækt í Saurbæ

- a. AÁN gerði grein fyrir viðræðum um skógrækt í Saurbæ og fóru fram umræður um fyrirliggjandi samningsdrög.

7. Möðruvellir I

- a. Rædd var hugmynd um sölu útihúsa. Ákveðið að Rekstrarstofa skyldi skoða það nánar.

8. Sala fasteigna

- a. Hellisbraut 4, Reykhólum. Húsið er komið á sölu og var gerð grein fyrir því.
- b. Völusteinsstræti 16, Bolungarvík. Húsið fer á sölu á næstu dögum.

9. Mosfell í Mosfellsdal

- a. Umræður fóru fram um framtíðarnotkun íbúðarhússins og jarðarinnar. Ákveðið var að íbúðarhúsið yrði sett á leigu með ótímabundnum samningi með hefðbundnum uppsagnarfresti.
- b. Þá var rædd beiðni íbúa í dalnum um afnot af skika undir útivistarsvæði og var ákveðið að Rekstrarstofa skyldi skoða það nánar.

10. Launakostnaður

- a. BG lagði fram yfirlit yfir launakostnað fyrstu þriggja mánaða ársins og fóru fram umræður um hann.

Fundargerð var lesin upp og hún samþykkt samhljóða. Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 10:40.

Fundarritari: Eiríkur Guðlaugsson, lögmaður Rekstarstofu.